

N Á T T Ú R U F R Æ D I S T O F N U N Í S L A N D S

Skipulagsstofnun
Jón Þórir Þorvaldsson
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 23. janúar 2019

2019010035/42-0

TB

tb

Hreinsistöð fráveitu á Selfossi, matsáætlun

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 7. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun fyrir hreinsistöð fráveitu á Selfossi.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir matsáætlunina og telur að í henni sé fjallað um þá þætti náttúrufars og hugsanleg áhrif á það sem taka þarf fyrir í frummatsskýrslu. Í matsáætluninni er einnig gerð grein fyrir mismunandi valkostum og er gert ráð fyrir að meta í ferlinu hvaða kostur verður fyrir valinu, einnig m.t.t. þess að áfangaskipta verkefninu. Með þessu fæst yfirsýn yfir verkefnið í heild til framtíðar, m.a. með tilliti til fráveitu frá Stokkseyri og Eyrarbakka, sem er mikill kostur að mati Náttúrufræðistofnunar. Eins og matsáætlunin er sett fram ætti frummatsskýrsla að veita svör við hugsanlegum áhrifum á umhverfið bæði vegna þátta sem snúa að framkvæmdinni sjálfri röskun á landi o.s.frv., mengun og almennum rekstri til framtíðar. Með hliðsjón af hlutverki Náttúrufræðistofnunar, eðli framkvæmdarinnar og náttúrufari á framkvæmdasvæðinu, frá Selfossi til sjávar við Eyrarbakka, sér stofnunin ekki ástæðu til að gera athugasemd við matsáætlunina en eins og hún er sett fram.

Virðingarfyllst

Trausti Baldursson
Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

